

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag frístundabyggðar, 3. áfangi, í landi Vaðness í Grímsnesi.*
Í 3. áfanga er gert ráð fyrir 62 frístundalóðum sem eru á bilinu 5.500-10.682 m² að stærð þar sem heimilt verður að byggja allt að 150 m² frístundahús auk allt að 25 m² aukahúss.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. júlí 2006.
2. *Deiliskipulag frístundabyggðar, Kerhraun svæði D, úr landi Klausturhóla í Grímsnesi.*
Gert er ráð fyrir 9 lóðum á bilinu 5.185-6.413 m² á tæplega 7 ha svæði. Heimilt verður að reisa eitt frístundahús auk 25 m² geymslu/gestahúss á hverri lóð. Nýtingarhlutfall lóða má að hámarki vera 0,03.
Samþykkt í sveitarstjórn 21. september 2006.
3. *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Öndverðarness.*
Á 152 ha svæði er gert ráð fyrir 235 lóðum og eru 198 þeirra þegar byggðar.
Stærð lóðar er á bilinu 2.800-7.097 m². Hámarksstærð húsa er 250 m² og hámarkshæð 6 m. Heimilt er að reisa 25 m² aukahús á hverri lóð. Hámarks nýtingarhlutfall er 0,03.
Samþykkt í sveitarstjórn 21. desember 2006.
4. *Deiliskipulag frístundalóða við Réttartjarnarveg nr. 3 og 5 í landi Nesja í Grafningi.*
Gert er ráð fyrir tveimur frístundalóðum nr. 3 og 5 við Réttartjarnarveg.
Hámarksstærð húsa er 150 m² ásamt 25 m² aukahúsi.
Samþykkt í sveitarstjórn 7. september 2006.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 1. febrúar 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.